

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra
samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík
srn@srn.is



Reykjavík, 19. desember 2019

Efni: Umferðaröryggi og notkun negldra hjólbarða.

Samtök ferðaþjónustunnar hafa ítrekað bent á að stór þáttur í að gæta að öryggi vegfarenda hér á landi er að heimila bílaleigum að bjóða til leigu ökutæki á nagladekkjum þegar þess er þörf. Það kallar á aukið svigrúm miðað við það sem lög gera ráð fyrir í dag. Þörf fyrir aukið svigrúm tilhanda bílaleigum skýrist m.a. af miklum fjölda ökutækja og tímafreku starfi dekkjaskipta en ekki síður af því að mikil hálka og erfið færð getur skapast og hefur skapast utan núgildandi tímabils nagladekkja. Í þessu samhengi er bent á fyrri erindi til ráðherra og umræður við stjórnvöld þar sem beiðni um lengra nagladekkjatímabil í þágu umferðaröryggis hefur verið rædd.

Í lið 16.02 í 16. gr. reglugerðar um gerð og búnað ökutækja, nr. 822/2004 er m.a. fjallað um hjólbarða með nöglum. Í 1. tölul. er kveðið á um að þegar snjór eða ísing er á vegi skuli hafa snjókeðjur á hjólum eða eftir akstursaðstæðum annan búnað, t.d. grófmynstraða hjólbarða (vetrarmynstur), með eða án nagla, sem veitt geti viðnám. Naglar í hjólbörðum á sama ási skulu vera sem næst jafn margir, sbr. 2. tölul., og til naglanna eru gerðar ítarlegar kröfur, m.a. um lengd og þyngd. Í 3. og 4. tölul. Í 6. tölul. segir:

Keðjur og neglda hjólbarða má ekki nota á tímabilinu frá og með 15. apríl til og með 31. október nema þess sé þörf vegna akstursaðstæðna. (undirstrikun SAF)

Í ljósi framangreinds vekja SAF athygli ráðherra á því að bílaleigubílar eru ferðinni um allt land árið um kring. Rekstraraðilar ökutækjaleiga hafa lagt sig fram við að bjóða leigutökum upp á vel útbúna bíla sem henta aðstæðum hverju sinni. Svo tryggja

megi öryggi ökumanna og annarra vegfarenda hafa fyrirtækin boðið viðskiptavinum upp á bíla á negldum dekkjum þegar akstursaðstæður krefjast þess. Slíkar aðstæður geta verið uppi jafnvel frá byrjun septembermánaðar og langt fram í maímánuð.

Eins og ráðherra er væntanlega kunnugt um er floti innlendra bílaleigubíla nokkuð stór enda er ferðapjónusta afar stór og mikilvæg atvinnugrein. Gróflega má ætla að dekkjaskipti þurfi að eiga sér stað á allt að fimm þúsund bílaleigubílum hvert haust og vor. Reynslan sýnir að það tekur ökutækjaleigur um sex vikur að ljúka dekkjaskiptum á öllum þeim flota. Ef ökutækjaleigunum ætti að takast að ljúka dekkjaskiptum að vori fyrir 15. apríl mundu fyrirtækin þurfa að hefja verkið upp úr byrjun marsmánaðar. Í ljósi umferðaröryggissjónarmiða er það vitaskuld ekki raunhæft.

Af framangreindum sökum telja SAF afar mikilvægt að bifreiðar í eigu ökutækjaleiga njóti undanþágu frá ákvæðum reglugerðar nr. 822/2004 um hjólbarða með nöglum.

Undanþáguna mætti útfæra með breytingu á 6. tölul. liðar 16.02 16. gr. reglugerðar um gerða og búnað ökutækja, nr. 822/2004, svohljóðandi:

Við 6. tölul. í lið 16.02 í 16. gr. reglugerðarinnar bætist nýr málslíður, svohljóðandi: *Þó er heimilt að nota neglda hjólbarða frá 1. september til 31. maí þegar þeir eru nýttir undir ökutæki sem eru skráð hjá Samgöngustofu sem ökutæki í notkunarflokki ökutækjaleigu.*

Rétt er að taka fram að það hefur viðgengist að lögreglan gefi út almennar tilkynningar þess efnis að ekki verði lagðar á sektir vegna negldra dekkja ef akstursaðstæður kalla á notkun þeirra. Slík yfirlýsing er afar mikils virði fyrir almenna bíleigendur sem þurfa að nota bifreiðar í vetrarfærð að vori og hausti. Hún dugir hins vegar skammt í tilviki ökutækjaleiga í ljósi þessa tíma sem það tekur að framkvæma dekkjaskipti á flota bílaleigubíla.

Í umræðum um nagladekkjanotkun vegast á sjónarmið um umferðaröryggi og loftgæði. Ætla má að sjónarmið um loftgæði hafi hvað helst vægi í þéttbýli þar sem umferð getur verið þung, einkum á álagstímum. Bílaleigubílar eru hins vegar hvað mest eknir af ferðamönnum utan þéttbýlis. Í tilviki þeirra ættu sjónarmið um umferðaröryggi því að vera ráðandi. Skilningur SAF er sá að stjórnarsýslustofnanir á sviði samgöngu- og löggæslumála hafi verið þeirri skoðun sammála.

Þar sem sektir vegna negldra dekkja nema háum fjárhæðum og geta verið afar íþyngjandi fyrir þá aðila sem hafa yfir mörgum bílum að ráða skapa óljós tímamörk sektarálagningar mikla óvissu. Með tilliti til umferðaröryggissjónarmiða óska SAF þess að tekið verði jákvætt í þessa beiðni.

Virðingarfyllst,
f.h. SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar



Jóhannes Þór Skúlason
framkvæmdastjóri

Afrit sent til:

Ferðamála,- iðnaðar- og nýsköpunarráðherra.
Vegagerðin
Samgöngustofa
Ríkislögreglustjóri